

Vegagerðin  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. júlí 2019  
UST201906-251/P.V.B.  
09.07.01

**Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda- Krísuvíkurvegur við Vatnsskarð - endurbætur**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Vegagerðarinnar, dagsett 24. júní 2019 um leyfi til framkvæmda innan Reykjanesfólkvang vegna endurbóta á 1,5 km löngum kafla sem liggur um Vatnsskarð á Krísuvíkurvegi.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsingi nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

**Lýsing verkefnis:**

Framkvæmdarkaflinn er um 1,5 km langur og hefst skammt sunnan við tenginguna að Vatnskarðsnámu og endar við Blesaflög sunnan Vatnsskarðs. Um er að ræða endurbyggingu vegarins á núverandi vegstæði og lagningu klæðningar. Um er að ræða eina kaflann á veginum sem efstir er að leggja bundnu slitlagi. Ekki verður vikið út frá núverandi vegstæði en framkvæmdinni fylgja nýjar skeringar og fláar til að laga hæðarlegu vegarins vegna aðstæðna í landslagi og til að draga úr hættu á snjósöfnun á vedi. Breidd núverandi vegar er 6 metrar en verður 6,5 metrar án fláa eftir að framkvæmdum lýkur. Vegna öryggisskilyrða þarf að færa gatnamót Vigdísarvallavegar um 110 metra til norðurs og endurleggja á 0,2 km kafla. Staðsetning fláa, skeringa og breytinga á gatnamótum er sýnd á teikningum sem fylgdu umsókn Vegagerðarinnar um leyfi til framkvæmda. Efni til framkvæmdarinnar verður sótt í nærliggjandi námur. Framkvæmdir er í samræmi við aðalskipulag Grindavíkurbæjar. Framkvæmdir hefjast í lok júlí og verður lokið haustið 2019.

**Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur umrætt verkefni ekki líklegt til að rýra verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Líklegt er að vegfarendur verði fyrir einhverjum truflunum meðan framkvæmd er í gangi.

**Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti Vegagerðinni leyfi til framkvæmda vegna endurbóta við Krísuvíkurveg innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingi hér að frá lok júlí út haustið 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.

- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ganga skal vel frá vegkörtum með því að endurheimta náttúrulega ásýnd svæðisins meðfram vegi.
- Loka skal fyrir og afmá vegtengingar sem eru ekki lengur til staðar til að koma í veg fyrir að fólk sé að keyra utan vegar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi og framkvæmdir er 39.400 kr., sbr. gr. 24b. í gjaldsrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri



René Biasone  
Sérfræðingur